



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

INRH3SH10

Innréttingar

Kennari:	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu, yfirborðsmeðferð og vélavinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar eins og plötu- og spónlagningarefni, áhöld, tæki, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Teknar eru fyrir samsetningar á plötuefni, smíðisfestingar, smíðistengi og uppsetning á innréttingum. Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli og gerð, stærð og lögun framleiðsluvöru. Kennslan er aðallega verkleg og byggist á spónlagningu og plötusmíði þar sem nemendur fá þjálfun í að smíða skápa og innihurðir. Áfanginn er sameiginlegur með húsasmiðum og húsgagnasmiðum.

Undanfari: TRÉH2HS15 OG VTSH2NV03

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Efnum til smíði innréttinga og innihurða
- Verkfærum og tækjum til smíði innréttinga og innihurða
- Helstu samsetningaraðferðum innréttinga og innihurða
- Uppsetningu innréttinga og innihurða
- Spónlagningu
- Stöðlun í vinnuferli, stærð og lögun framleiðsluvöru

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Vélavinnu/plötusmíði
- Spónlagningu
- Samsetningum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja vélar, tæki og aðferðir við hæfi hverju sinni
- Velja efni við hæfi hverju sinni
- Velja gerð, stærð og lögun í samræmi við staðla

Námsefni:

- Verkefnamappa sem kennari afhendir
- Nemendur bæta í hana námsgögnum eftir því sem námi framvindur
- Innréttingar, IÐNÚ 2005
- Nemendur skulu vera með eigin blýant og málband í tímum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, annars er farið eftir getu hvers og eins
- Skila/ljúka skal öllum skylduverkefnum, verklegum sem bóklegum

Sérreglur áfangans:

- Hámark fjarvista/veikinda eru 14 F/V
- Til að standast áfangann þarf að ná lágmarkseinkunn fyrir öll skylduverkefni, verkleg sem bókleg og einnig fyrir símatíð

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Smíðamunir og símat	Byggir á mati á smíðamunum, frammistöðu við smíðarnar, hegðun, áhuga og ástundun	80%
Skrifleg próf	Nokkur tímaverkefni/próf úr efni bókar og smíðatímum	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.